

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

Þriðjudaginn 2. mars 2010 kl. 13:00 kom landbúnaðarráð Húnaþings vestra saman til 95. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Viðræður við Ingvar J. Jóhannsson, eftirlitsmann með lausagöngu búfjár.
2. Skipting fjárveitingar til viðhalds heiðargirðinga.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Ingvar J. Jóhannsson, eftirlitsmaður með lausagöngu búfjár er mættur til fundarins. Lagði hann fyrir landbúnaðarráð skýrslu sína um útköll og/eða ábendingar sem honum hafa borist um lausagöngu búfjár á árinu 2009. Einnig var farið yfir úttekt Ingvars á girðingum í botni Hrutafjarðar. Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra og eftirlitsmanni að kynna fulltrúa Vegagerðarinnar skýrsluna og úttektina.

2. Landbúnaðarráð leggur til að kr. 1.600.000- sem eru til ráðstöfunar á árinu 2010 til viðhalds og endurnýjunar heiðagirðinga verði skipt með eftirfarandi hætti:

Í Hrutafirði kr. 400.000-

Í Miðfirði kr. 585.000-

Í Víðidal kr. 615.000-

Lagt er til að kauptaxtar fyrir girðingarvinnu verði samræmdir. Landbúnaðarráð fer fram á að formenn fjallskiladeilda taki saman ítarlegt yfirlit um ástand heiðagirðinga þegar viðhaldi sumarsins 2010 er lokið. Yfirlitið verði sent landbúnaðarráði í október nk. Formenn fjallskiladeilda gæti þess að kostnaði viðhaldsframkvæmda sé haldið innan fjárheimilda.

3. Önnur mál.

Fram lagt erindi byggðarráðs þar sem óskað er umsagnar landbúnaðarráðs vegna beiðni Kristófers Jóhannessonar um að fá að koma upp aðstöðu til vetrarveiða á ref sunnan Bergár í Víðidal. Landbúnaðarráð er sammála um að eðlilegt sé að viðkomandi fjallskilastjórnir hafi eftirlit, umsjón og annist leyfisveitingar um uppsetningu skothúsa í löndum sveitarfélagsins til vetrarveiða á ref.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:45

Þorsteinn B. Helgason(sign.),
Örn Óli Andrésson(sign.),
Agnar Jónsson(sign.),

Þórarinn Óli Rafnsson(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),
Skúli Þórðarson(sign.).

